


FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Föstudagur 26. maí 2017 | 20. tbl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



Vantar allar gerðir eigna á söluskrá!

Hafið samband við sölumenn okkar.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Jón Arnluss
KÖKULIST



Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655

MATHÚS BAR
VON



Sístrandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • [facebook/vonmathus](https://facebook.com/vonmathus)

Mun lúpínan umlykja Ástjörnina alla?

Ekkert gert til að hefta útbreiðslu lúpínunnar

Hafnarfjörður er mekka lúpínunnar enda var henni einna fyrst plantað við Hval-eyrarvatn þar sem hún er um allt og hefur lítið hörfað á yfir hálfri öld sem liðin er. Vissulega bætir lúpínan jarðvegin en hún þekur einnig lyngbreiður og þokkalega gróð land og breytir ásýnd landsins til frambúðar. Lúpínubreiður við Ástjörn stækka jafnt og þétt og ef ekkert er að gert mun hún eflaust þekja allt umhverfi Ástjarnar. Lítið sem ekkert er gert til að hefta útbreiðslu hennar. Er það stefna bæjaryfirvalda?



Lúpínan dreifir sér hratt við friðaða Ástjörnina.

ALLT FASTEIGNIR



Treystu okkur fyrir sölunni

www.alltfasteignir.is
Bæjarhrauni 12 e.h. 560 5500

Jakob Björgvin Jakobsson hdl., löggiltur fasteignasali

AS
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17
Sími: 520 2600
Opíð virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is

 **HÚSASMÍÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

Þín verslun í Hafnarfirði

AUTHOR í Húsasmiðjunni

AUTHOR TROPHY 26"
Stell úr álblöndu, 3,3 kg. Skipting: Shimanoty21, 18 girar, Tektro V bremsur. Dekk: Author Speed master 26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19". 3901410-1




VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING Á REIÐHJÓLUM



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason
Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, **Auglýsingar:** 565 3066,
 fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • **Dreifing:** Íslandsþóstur
 ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866
 www.fjardarfrettir.is
 www.facebook.com/fjardarfrettir.is
 Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Þó lífið sé margt fleira en handbolti þá hlýtur það að hafa verið afskaplega svekkjandi fyrir marga að horfa upp á FH tapa úrslitaleiknum um Íslandsmeistaratið fyrir troðfullu húsi í Kaplakrika sl. sunnudag. Væntingarnar voru miklar. Mörgum fannst kominn tími á að bikarinn kæmi aftur í Krikann. Jafnvel stuðningsmenn Hauka hefðu frekar viljað fá bikarinn í Hafnarfjörð en að hann færi í Reykjavík.

Sagt er að silfrið sé sárast og eflaust er það rétt en glæsilegur árangur samt hjá FH-ingum sem sýndu glæsilega takta eftir áramót og tryggðu sér deildarmeistaratið.

En lífið er jú meira en handbolti og Hafnfirðingar nutu góða veðursins um helgina við hvers konar útivist og mátti sjá fólk víða á ferli. Golfarar fjölmenntu á Hvaleyrina sem nú skartar sínu fegursta og göngu- og hlaupafólk mátti sjá víða í upplandinu. Seglbátar sigldu um fjörðinn og fólk spókaði sig í sólinni eða nýtti góða veðrið til að taka til eins og íbúar á Völlum gerðu á sínum árlega tiltekta degi. Glæsileg samstaða þar.

Lúpinan er elskuð og hötuð jurtt. Engum dylst gagnsemi hennar við uppgræðslu en mjög skiptar skoðanir eru um útbreiðslu hennar á grónu landi, í lyngróddi og í byggð. Ef ekkert verður að gert verður umhverfi Ástjarnarkirkja ein lúpinubreiða. Lúpinan dreifir sér hratt og örugglega og ótrúlegt sinnuleysi bæjaryfirvalda mun valda því að náttúrulegur gróður hverfur og heil kynslóð fólks mun lítið sjá annað en lúpinubreiður þar sem áður voru fallegir melar og lyngbreiður. Þá má sjá lúpinuna fíkra sig inn á ósnortid mosavaxið hraun en sem betur fer er átak í gangi að útrýma henni í Krýsuvík. Ekki viljum við eingöngu lúpinu?
 Guðni Gíslason ritstjóri.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613
 gudni@fjardarfrettir.is
 www.fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktisimar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 28. maí

Guðspjónusta kl. 11

Skráning í fermingarfræðslu næsta vetrar á www.astjarnarkirkja.is



www.astjarnarkirkja.is

Laun ungmenna hækkuð

Laun ungmenna í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sem fædd eru 2001, 2002 og 2003 verða hækkuð sem nemur 16% sumarið 2017. Laun vinnuskólans hækkuðu um 15% sumarið 2016. Rík áhersla er lögð á það að ná inn duglegum og kraftmiklum einstaklingum fyrir sumarið í mikilvæg verkefni sem snúa að snyrtilleika og frístundum yngri barna.


Bæjarstarfsmenn heiðraðir

39 starfsmenn hafa verið meira en 25 ár hjá Hafnarfjarðarbæ

Prúðbúnir bæjarstarfsmenn mættu í móttöku bæjarstjóra í Hafnarborg í síðustu viku en tilefnið var að afhenta öllum starfsmönnum sem unnið hafa í 25 ár og lengur hjá Hafnarfjarðarbæ viðurkenningu. Þetta er nýlegur siður hjá Hafnarfjarðarbæ og voru fyrir nokkrum dögum heiðraðir þeir starfsmenn sem unnið höfðu í 15 ár hjá bænum.

Upphaflega átti aðeins að heiðra þá sem voru búnir að vinna í 25 ár hjá bænum en þá kom í ljós að 39 starfsmenn höfðu unnið lengur en það og hefðu því ekki verið með. Að sjálfsögðu varð niðurstaða að heiðra þá líka og þau sem lengst hafa unnið hjá bænum hafa unnið samfellt í 40 ár, þær Erla Guðríður Jónsdóttir, skólalíði í Setbergsskóla sem lengst hafði unnið á gæsluvöllum bæjarins og Eygló Hauksdóttir, deildarstjóri fjárreiðu.

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri þakkaði öllum þessum starfsmönnum fyrir góð störf og sagði þá hafa upplifað miklar breytingar, m.a. innleiðingu tölvutækninnar og sagðist ekki búast við að viðlíka breytingar yrðu á næstunni. Reyndar benti Gunnar Gunnarsson sem unnið hefur samfleytt í 30 ár í Tónlistarskólanum á að hann kenndi ennþá á sams konar hljóðfæri og krakkarnir léku sama menúettinn eftir Mozart, svo það breytist ekki mikið alls staðar.



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 28. maí

Nytjamarkaður og vöflusala kl. 14-16

Í safnaðarheimili Víðistaðakirkju. Ágóði rennur í styrktarsjóð kirkjunnar.

Á sama tíma er Systrafélag Víðistaðasóknar með árlega blómasölu á kirkjutorginu, sem stendur yfir frá 25. maí - 1. júní kl. 11-17 alla dagana.

Skráning fyrir fermingu 2018 á vidistadakirkja.is
www.vidistadakirkja.is



Eygla Hauksdóttir og Erla Guðríður Jónsdóttir hafa unnið í 40 ár hjá Hafnarfjarðarbæ

Bæjarstjóri færði öllum viðurkenningarskjal og Berglind Guðrún Bergþórsdóttir mannauðsstjóri afhenti hverjum starfsmanni rós og umslag með 50 þús. kr. gjafakorti.

Áberandi var að margir starfsmenn Tónlistarskólans voru meðal þeirra sem fengu viðurkenningu en sjö þeirra höfðu unnið í 25-33 samfleytt við skólann.

Ein hjón voru á meðal þeirra sem fengu viðurkenningar, Sverrir Marinósson umsjónarmaður fasteigna sem unnið hefur í 25 ár hjá bænum og Margrét Hannesdóttir leikskólakennari til 32 ára.



Fleiri myndir má sjá á www.fjardarfrettir.is

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! **Frítt söluverðmat**

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

RE/MAX

sími 896 6076
as@remax.is

FJÖRDUR

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
löggtitur fasteignasali

Gáfu Skógræktarfélaginu sexhjól

Hafa hjálpað félaginu mikið í gegnum tíðina



Lfsm.: Ární Þorólfsson

Halldóra Halldórsdóttir og Þórólfur Þorgrímsson afhenda Steinari Björgvinsyni framkvæmdastjóra félagsins lykilmál að nýja sexhjólina.

Sl. föstudag færðu hjónin Halldóra Halldórsdóttir og Þórólfur Þorgrímsson félaginu að gjöf nýtt sexhjól.

Sexhjólid mun nýtast félaginu vel við dagleg störf eins og flutning á trjám, grisjunarvið, áburði, efni í stíga, við ruslahreinsun og fleira.

Stjórn og starfsfólk félagsins er afar þakklát þeim heiðurshjónum Halldóru og Þórólfi fyrir þessa veglegu gjöf sem

mun sannarlega nýtast félaginu vel í framtíðinni og létta störfin.

Fjölskylda Halldóru og Þórólfs hefur hjálpað félaginu mikið í gegnum tíðina við viðhald, jólatrjáasölu og margt fleira þar sem synir þeirra, Gunnar, Halldór og Ární hafa verið fremstir í flokki en Ární er nú starfsmaður félagsins.

Þetta er gríðarlega vegleg gjöf og sýnir mikla förnýsi og velvild í garð skógræktarfélagins.



Lfsm.: Ární Þorólfsson

Halldór Þórólfsson á nýja hjólinu ásamt foreldrum sínum.

Fréttavefur Hafnfirðinga
Sendu fréttaskot á
www.fjardarfrettir.is



LEIGUHÚSNÆÐI

Hafnarfjarðarbær auglýsir Strandgötu 4 til leigu.

Fasteignin er kjallari, tvær hæðir og ris, alls um 515 m². Húsið er steinsteypt, byggt árið 1930 af Jóni Mathiesen kaupmanni sem rak þar verslun í mörg ár og bjó á efri hæð hússins.

Fasteignin verður afhent haustið 2017

Fasteignin er öll auglýst til leigu og er gert ráð fyrir því að hún verði leigð í heild sinni til eins aðila með ótímabundnum leigusamningi með 6 mánaða uppsagnarfresti og ákvæðum um endurskoðun húsaleigu. Fasteignin verður til sýnis frá og með 7. júní n.k. í samræði við Hálfdán Þórðarson í síma 664-5656. Fyrirspurnir skulu berast fyrir kl. 17 þann 9. júní n.k. á hafnarfjordur@hafnarfjordur.is Fyrirspurnum verður svarað 13. júní n.k.

Skil tilboða - 21. júní 2017

Tilboðsgjafi skal með tilboði sínu um leiguverð, skila greinargerð um hvers konar starfsemi er gert ráð fyrir í húsinu, jafnframt skulu vera ítarlegar upplýsingar um tilboðsgjafa, s.s. fjárhagsupplýsingar, greiðslugeta og upplýsingar samstarfsaðila ef það á við. Við mat á tilboðum verður sérstaklega litið til hugmynda sem taldar eru styrkja og auka mannlíf miðbæjarinnar.

Tilboðsgjafar skulu skila tilboðum til Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, merkt - Strandgata 4- fyrir kl. 11 þann 21. júní 2017 þá verða þau opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.


Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



Glæsileg vefverslun!

www.fondurlist.is



Strandgötu 75
Hafnarfirði
Drafnarhúsinu

Föndurlist
Vaxandi
www.facebook.com/fondurlist

Ljósmyndir og teikningar í Hafnarborg



Tvær sýningar verða opnaðar í Hafnarborg á laugardaginn kl. 15.

Í aðalsal safnsins er það sýningin Landsýn – Í fótspor Johannesar Larsen með ljósmyndum Einars Fals Ingólfssonar og teikningum Johannesar Larsen.

Einar Falur fetaði í fótspor danska myndlistarmannsins Johannesar Larsen í þrjú ár, 2014–2016, er hann ferðaðist um Ísland og tók ljósmyndir á þeim stöðum sem Johannes hafði um 90 árum áður dregið upp rúmlega 300 teikningar á sögustöðum Íslendingasagna fyrir útgáfu danska forlagsins Gyldendal á Íslendingasögnum. Meginstef sýningarinnar er tíminn sjálfur, tími landsins og manna. Ljósmyndir Einars fjalla fyrst og fremst um samtímann þó að samtímis eigi þær í samtali við tíma Íslendingasagna og

tíma Larsens á Íslandi. Ljósmyndaverk Einars geta vissulega staðið stök og sjálfstæð en undirstaða sýningarinnar er þó samtal Einars við teikningar Larsen.

DÁIÐ ER ALLT ÁN DRAUMA

Sýningin „Dáið er allt án drauma“ verður opnuð í Sverissal. Þar eru leiddar saman tvær listakonur, Sara Gunnarsdóttir og Una Lorenzen en þær hafa báðar bakgrunn í hreyfimyndagerð.

Teikningin er útgangspunktur sýningar þeirra Söru Gunnarsdóttur og Unu Lorenzen. Titillinn er fengin að láni frá nóbelskáldinu og vísar í heim ímyndunararfsins sem listamaðurinn býr yfir og sækir innblástur sinn í. Listakonurnar skapa heima í kringum valin augnablik eða hugmynd og leika sér að abstrakt og stundum súrrealískum umbreytingum eða afmyndunum.

Dularfullar jarðvegsframkvæmdir

Mosi varðveittur í moldarbingum við Áslandið

Margir hafa forvitnast um jarðvegsframkvæmdir við Reykjanesbrautina skammt sunnan kirkjugarðsins. Þarna er nær allt tilbúið til að tvöfalda brautina og í sjálfu sér stórunderlegt að hætt hafi verið með tvöföldunina í miðri beygju.

Þegar framkvæmdir fóru af stað við ný mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar var mosi hreinsaður ofan af verksvæðinu og ætlunin er að nota hann aftur til að svæðið

umhverfis nýju gatnamótin verði aftur eins líkt og það var.

Hefur reynst vel að geyma mosann í jarðvegsblöndu og dreifa honum svo á uppgræðslustaðinn. Á mosinn að ná að þekja svæðið á örfáum árum.

Ljúka á við gerð mislægu gatnamótanna í haust og þá verður mosa-blöndunni dreift á sinn stað og svæðið við Áslandið verður vonandi grænt á ný.



Moldarhrígurnar sem hafa valdið heilabrotum hjá pottverjum.

LIDATVENNAN þín frá Iceherbs

Fæst í öllum apótekum, heilsuvörverslunum, Hagkaupum og Frihöfninni Keflavíkurflugvelli.

TAKMARKAD
UPPLAG



magnésíum

MAGNÉSÍUM með fjallagrös



túrmerik

TURMERIK með svörtum pipar

GETUR VERIÐ GOTT FYRIR BÓLGUR OG LIDI



ICEHERBS
NATURA ISLANDICA

www.iceherbs.is

TILBOÐSPAKKI



Siglinganámskeið

Í sumar mun Siglingaklúbburinn Þytur bjóða upp á siglinganámskeið fyrir börn og unglinga 10 ára og eldri, fædd 2007 og fyrr.



Kennt er eftir nýrri námsskrá sem Siglingasamband Íslands hefur látið þýða og staðfæra. Þátttakendum er kennt að bregðast við síbreytilegum aðstæðum, siglingar á kayak og seglbátum, siglingareglur og umgengni um báta og búnað þeirra.

Í lok námskeiða gerum við okkur dagamun, hoppum í sjóinn, buslum og endum á grillveislu.

Hvert námskeið er í tvær vikur hálfan daginn kl. 9-12 eða kl. 13-16. Kennt er í aðstöðu Þyts, Strandgötu 88 og við Hafnarfjarðarhöfn.



12. júní - 23. júní (fyrir hádegi)
12. júní - 23. júní (eftir hádegi)

26. júní - 7. júlí (fyrir hádegi)
26. júní - 7. júlí (eftir hádegi)

10. júlí - 21. júlí (fyrir hádegi)
10. júlí - 21. júlí (eftir hádegi)

Innritun er hafin á www.sailing.is

Verð: 15.500 kr. fyrir tveggja vikna námskeið og félagsaðild.

Siglingaklúbburinn Þytur, kt.: 680978-0189 Sími 555 3422 Bankareikningur: 0545-26-987

Súrt silfrið hjá FH

Misstu af Íslandsmeistaratitli í oddaleik

Kaplakríki var troðfullur þegar FH og Valur mættust í oddaleik í úrslita-einvígi liðanna um Íslandsmeistaratitlinn í handbolta karla. Stemmningin var mögnuð og fyrri hálfleikur lofaði góðu um að titillinn kæmi í Hafnarfjörð. En í síðari hálfleik skelltu Valsmenn bókstaflega í lás, markmaður þeirra varði 13 skot í hálfleiknum og vörn gestanna var sterk. Þetta réðu FH-ingar ekki við og niðurstaðan varð 27-20 sigur fyrir Val sem voru krýndir Íslandsmeistarar á heimavelli FH.

FH-ingar geta þó vel við unað, hömpuðu deildarmeistaratitli sem þeir tryggðu sér á lokametrinum og komust í úrslitarimmuna sem tapaðist 2-3. Til hamingju FH með silfrið þó það sé sennilegasta súrustu verðlaunin.

Gísli Þorgeir Kristjánsson var gríðarlega öflugur í einviginu, skoraði samtals 31 mark.




Líðsm.: Guðni Gíslason

BIKE CAVE

Heimabakaðar tertur

Í Bike Cave færðu alltaf heimabakaðar tertur, ljúffengar vöflur og kleinur. Frábært eðalkaffi frá Kaffitári rennur ljúft í bollana. Verið velkomin :)



Hafnarborg, Hafnarfirði • Opið alla daga kl. 9-22
www.bikecave.is • sími 770 3113 • Erum á Facebook

Sumarsund fyrir börn 4-10 ára

Sundfélag Hafnarfjarðar verður með sundnámskeið fyrir börn, bæði synd og ósynd, í Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug, Sundhöllinni og Lækjarskólalaug.

Námskeiðin standa yfir í tvær vikur eða 10 skipti.

Bráðskemmtileg námskeið sem allir hafa gaman af!

Nánari upplýsingar og innritun má finna á www.sh.is



Tímabil í boði:
12. - 23. júní
26. júní - 7. júlí
10. - 21. júlí
24. júlí - 4. ágúst



RioTinto
styrkir barna- og unglingsstarf SH

SMÁUGLÝSINGAR

húsnæði óskast

68 ára gömul kona með fastar og öruggar greiðslur óskar eftir 2-3 herbergja íbúð strax.
Elin sími 694 9322.

þjónusta

Bílaþrif. Kem og sæki. Tjöruhreinsun og bön verndar bílinn. Urvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.
Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265
siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

FJARÐAR fréttir



Smelltu á
LIKE

og skoðu myndir
á Facebook síðu
Fjarðarfrétta

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Sýningin Bókstaflega - Konkretljóð á Íslandi frá 1957 til samtímans stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Í Sverrissal stendur yfir sýning á verkum úr stofngjöf Hafnarborgar.

Fuglaskoðun

Hin árlega fuglaskoðun Skógræktarfélagshafnarfjarðar verður á laugardaginn kl. 10. Lagt af stað frá Þöll við Kaldárselsveg. Takið með ykkur sjónauka. Leiðsögumaður verður Steinar Björgvinsson. Þátttaka er ókeypis. Gengið verður um Höfðaskóg og nágrenni. Fuglaskoðunin tekur um tvær klukkustundir. Nánari upplýsingar í síma: 555 6455 eða 894 1268.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Ný stjórn í Markaðsstofunni

Formaður og tveir aðrir stjórnarmenn sögðu af sér stuttu fyrir aðalfund



Ný stjórn Markaðsstofu Hafnarfjarðar f.v.: Kristín Thoroddsen, Sigríður Margrét Jónsdóttir, Benedikt Helgason, Þór Bæring Ólafsson, Linda Hilmarsdóttir, Pétur Óskarsson og Ása Sigríður Þórisdóttir framkvæmdastjóri.

Aðalfundur Markaðsstofu Hafnarfjarðar var haldinn í síðustu viku en Markaðsstofan var stofnuð af fyrirtækjum í bænum með góðum stuðningi Hafnarfjarðarbæjar. Starfið er enn í mótun og margar hugmyndir í gangi og endurspegladist aðalfundurinn svoltið af því en mjög jákvætt andrúmsloft var á fundinum.

EKKI SÁTT UM VINNU MEÐ VÖRUMERKJASTEFNU

Það vakti þó athygli að formaðurinn Karl Guðmundsson, Heiðís Helgadóttir og Ólafur Ólason sögðu sig úr stjórn skömmu fyrir aðalfund og var ástæðan sögð óánægja með þá stefnu sem vinna með vörumerkjastefnu fyrir Hafnarfjörð hafi tekið. Hafði Markaðsstofan lagt til við bæjarráð að farið yrði

í að móta og kortleggja vörumerkjastefnu fyrir Hafnarfjörð og bauðst til að leiða verkefnið. Bæjarráð tók vel í hugmyndirnar og skipaði Ásu Sigríði Þórisdóttir framkvæmdastjóra Markaðsstofunnar í þriggja manna vinnu hóp en setti Unni Láru Bryde, bæjarfulltrúa sem formann og samskiptastjóra bæjarins sem starfsmann.

Var þremningunum sem gengu úr stjórn þökkúð góð störf.

Karl Guðmundsson, fráfarandi formaður sagði í samtali við Fjarðarfréttir að hann hafi með útgöngu sinni verið að leggja áherslu á óánægju sína með skort á samstarfsvilja Hafnarfjarðarbæjar en skipað var í starfshópinn um vörumerkjastefnu án samráðs við Markaðstofuna. Athyglisvert er að sjá að í erindisbréfi vinnuhópsins er mikið

tekið nær orðrétt upp úr bréfi Markaðsstofunnar frá 2. nóvember 2016.

NÝ STJÓRN

Á fundinum var ný stjórn kosin og fengu eftirtaldir kosningu:

Kári Eiríksson, Verkstæði Arkitekta ehf., Linda Hilmarsdóttir, Heilsudalnum ehf., Sigríður Margrét Jónsdóttir, Litlu hönnunarbúðinni ehf. og Þór Bæring Ólafsson frá Gaman ehf.

Fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar sitja í stjórn þau Pétur Óskarsson, Kristín Thoroddsen og Guðfinna Guðmundsdóttir.

Varamenn voru kjörnir Jón Örn Stefánsson, Kjötökompaníinu ehf. og Benedikt Helgason frá Go Campers ehf. Varamaður fyrir fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er Kristinn Andersen.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Æsispennandi lokaskák á Íslandsmóti

Guðmundur Kjartansson „stal“ titlinum í lokaskákinni

Alþjóðlegi meistarinn Guðmundur Kjartansson er Íslandsmeistari í skák eftir magnaða sigurskák gegn Héðni Steingrímssyni í lokaumferð Íslandsmótsins í Hraunseli sl. laugardag. Fyrir skákina hafði Héðinn 7½ vinning en Guðmundur 7 vinninga. Frá upphafi setti Guðmundur pressu á Héðinn sem brást bogalístin þegar hann bauð uppá drottningauppskipti í 40. leik sem leiddi til tapaðs endatafls. Gríðarlega vel teflt

hjá Guðmundi sem tefldi frábærlega á mótinu. Héðinn tefldi einnig afar vel á mótinu og hreint ótrúlegt að 7½ vinningar í 8 skákum dugi ekki til sigurs.

Dagur Ragnarsson varð þriðji með 5½ vinning á sínu fyrsta Íslandsmóti. og tryggði sér sinn fyrsta áfanga að alþjóðlegum meistaratitli.

Hafnfirðingurinn Sigurbjörn Björns-son varð í 6.-7. sæti með 4 vinninga.



Guðmundur Kjartansson Íslandsmeistari t.h. í lokaskákinni við Héðni Steingrímsson sem var með 1/2 vinnings forystu fyrir lokaskákina.



GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL

Tré og
runnar
í garðinn
þinn

v/Kaldárselsveg
555 6455 - 894 1268

www.skogh.is



Vill stærri hlut úr Framkvæmdasjóði aldraðra

Bæjarstjóri deildi hart á ríkisvaldið við setningu landsfundar eldri borgara

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði deildi hart á ríkisvaldið við setningu landsfundar eldri borgara í Hraunseli á þriðjudaginn. Kom hann upp á eftir forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannessyni og Þorsteini Víglundssyni, félags- og jafnréttismálaráðherra.

Umfjöllunarefni Haraldar var Framkvæmdasjóður aldraðra en Haraldur telur að úthlutun úr sjóðnum sé mjög ógagnsæ og ekki í neinu samræmi við upphafleg markmið hans að stuðla að uppbyggingu og að efla öldrunarþjónustu um allt land.

AÐEINS 38,7% FER Í NÝFRAMKVÆMDIR

Tekjustofn sjóðsins er nefnskattur, framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra en framlag íbúa landsins árið 2015 var 1,9 milljarður króna og samtals 12,8 milljarðar kr. á árunum 2008-2015 á verðlagi hver árs. Segir hann að aðeins 4.970 milljónir kr. sé nýtt í stofinkostnað og endurbætur eða 38,7% af framlögum í sjóðinn. 50,1% fari í rekstur og viðhald en 11,2% taki ríkið til sín og sé í raun skuld ríkisins við sjóðinn.

EKKI Í SAMRÆMI VIÐ MARKMIÐ

Segir hann að framlag til reksturs gangi gegn tilgangi sjóðsins og eðlilegast sé að rekstur og almennt viðhald sé greitt skv. fjárlögum. Lagði hann áherslu á að sjóðurinn skuli stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustuna skv. ákv. 9 gr. laga um Framkvæmdasjóð aldraðra.

ÚTHLUTUN EKKI Í NEINU SAMRÆMI VIÐ FRAMLÖG

Benti bæjarstjóri á að framlög úr sjóðnum væru ekki í neinu samræmi við framlög úr sjóðnum eða fjölda íbúa. Á árunum 2008-2016 hafi Hafnarfjörður fengið 4,6% af úthlutunum sjóðsins en í dag eru Hafnfirðingar



Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri í ræðustól.

8,5% landsmanna. Á árunum 2007-2016 greiddu Hafnfirðingar tæpan 1,7 milljarð kr. í framkvæmdasjóð aldraðra en fengu aðeins 203 milljónir kr. úr sjóðnum eða 12,3% af því sem Hafnfirðingar greiddu í hann.

Benti hann á að Reykjavík og Suðurland hafi fengið úthlutun öll þessi ár á meðan önnur svæði fái miklu sjaldnar. Suðurland fékk á þessum árum 16% af framlagi sjóðsins en íbúar svæðisins eru 8% og enn meiri munur væri á Vesturlandi þar sem svæðið hafi fengið 17% af úthlutun sjóðsins á meðan íbúar væru aðeins 5% landsmanna. Sagðist hann samgledjast þeim en þetta sýndi að skiptingin væri mjög ómarkviss.

FJÖLGAR UM EITT LEGURÝMI MEÐ NÝJU HJÚKRUNARHEIMILI

Bæjarstjóri upplýsti að árið 1999 voru 242 hjúkrunarrými í Hafnarfirði, 146 á Hrafnistu og 96 á Sólvangi. Í dag eru rýmin aðeins 222, 163 á Hrafnistu og 59 á Sólvangi en rýmum þar fækkaði

mjög þegar fjölbyli voru lögð af en áður voru allt að 4 einstaklinga í sama herbergi. Á sama tíma hefur íbúum fjölgað um 51% og íbúum 67 ára og



Forseti Íslands kom á gamla forsetabilnum og stillti sér upp með Valgerði Sigurðardóttur formanni Félags eldri borgara í Hafnarfirði og Hauki Ingibergssyni formanni Landssambands eldri borgara.

eldri hefur fjölgað um 91%.

Með tilkomu nýja hjúkrunarheimilisins á Sólvangi fjölgar aðeins um eitt rými þar sem þeir sem eru á Sólvangi

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:
ÚRSLIT KARLA:
 Valur - FH: 25-30
 FH - Valur: 20-27

Fótbolti:
 27. maí kl. 16, Þórsvöllur
 Þór - Haukar, I. deild karla
 28. maí kl. 20, KR-völlur
 KR - FH, úrvalsdeild karla
29. maí kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Valur, úrvalsdeild kvenna
 29. maí kl. 19.15, Grindavík
 Grindavík - FH, úrvalsdeild kvenna
31. maí kl. 19.15, Kaplakriki
FH - Selfoss, bikarkeppni karla

ÚRSLIT KARLA:
 FH - Fjölnir: 1-2
 Haukar - ÍR: 1-1
 FH - Sindri: 6-1
 Haukar - Víkingur R. 2-4

ÚRSLIT KVENNA:
 FH - Stjarnan: (fimmtudag)
 Fylkir Haukar: (miðvikudag)
 ÍBV - FH: 1-0
 Haukar - Breiðablik: 1-3



Þéttsetið var í Hraunseli og fulltrúar frá félögum eldri borgara viðs vegar að af landinu.

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Veisla fyrir vinnustadinn

Sólskin í glasi og sælkerasamlökur

veisla@lemon.is

Lemon

Hönnun
& umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR

hhus@hhus.is | stofnað 1990

Nýtt hótél á Bæjarhrauninu

Hótél Hellisgerði verður heitið á nýja hótelinu

„Við höfum ákveðið að gefa baminu nafnið Hótél Hellisgerði. Við vildum gjarnan tengingu við Hafnarfjörð í nafni hótelsins,“ segir Þór Bæring Ólafsson hjá Hafnirsku ferðaskrifstofunni Gaman ferðum sem er að opna nýtt hótél á Bæjarhrauni 4.



Verið er að lagfæra og snyrta bæði að utan og innan.

Skútur sigldu hraðbyri inn fjörðinn

Opnunarmót kjölbáta endaði í Hafnarfirði

Opnunarmót í Íslandsmóti kjölbáta var haldið á laugardaginn. Sigld var „stórskipaleið“ frá Reykjavík til Hafnarfjarðar í glampanði sól. Það var Siglingaklúbburinn Þyur sem sá um framkvæmd mótsins. Hægur vindur var og þoka í upphafi en

fimm bátar tóku þátt í keppninni, þrjár frá Brokey og einn frá Ými og einn frá Þyt.

Lang bestum tíma náði Magnús Waage og áhöfn hans á Dögun úr Brokey, Hannes Sveinbjörnsson og áhöfn hans á Sigurborgu varð annar.



Arni Þór Hilmarsson og áhöfn á Ásdisi komu 5. í mark á 3,57.54 tímum

38 HERBERGI

Á hótelinu verða 38 herbergi en þetta eru misstórar stúdíóíbúðir en öll herbergin eru með baðherbergi og eldhúsi.

„Við höfum lagt áherslu á það í upphafi að kynna hótelið til aðila í ferðaþjónustunni sem eru með hópa hér á Íslandi og sömuleiðis til þeirra sem vilja ódýrari kost í gistingu en að gista í miðborg Reykjavíkur,“ segir Þór sem stefnir á að opna hótelið formlega 15. júní.

Verið er að lagfæra húsið að utan og verður það málað og allt tekið í gegn að innan. Segir Þór að stefnt sé að því að huga að umhverfi hússins en það er verkefni sem verður farið í á næstu mánuðum.

„Við sjáum mikla framtíð í því að opna hótél í Hafnarfirði en í kringum hótelið eru

fjölmargir veitingastaðir og fjölbreytt þjónusta í boði í næsta nágrenni. Það að fá fleiri ferðamenn til Hafnarfjarðar mun vonandi efla mannlífið í bænum“.

Þetta er ekki í fyrsta seinn sem þarna er rekið hótél en um tíma var Hótél Berg rekið þarna í húsinu og var þá eina hótél bæjarins. Síðan þá hafa herbergi verið leigð út til lengri tíma í einu.

Gaman ehf. var stofnað í ársbyrjun 2012 og voru fótboltaferðir áberandi en síðan þá hefur vöruúrvalið aukist mikið og sólarlandaferðar fyrirferðamestar. Hefur fyrirtækið stækkað mikið og eru starfsmenn nú orðnir 12 en voru ekki nema tveir í upphafi. Gaman ferðir eru til húsa að Bæjarhrauni 14.

Viltu vita hvers virði eignin þín er?

RE/MAX®
FJÖRÐUR

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði

Frítt verðmat!

Páll B. Guðmundsson

Löggiltur fasteignasali

861 9300, pallb@remax.is

